b) Í 3. og 4. mgr. 35. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

31bgca.^{728} **32018R0480** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða (Stjtið. ESB L 81, 23.3.2018, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. mgr. 6. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2019“ í stað orðanna „frá 1. maí 2019“.

^{722} Liðnum og undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 67/2020 (Stjtið. ESB L 72, 9.3.2023, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 19, 9.3.2023, bls. 40), gildistöku er beðið.

^{723} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 148/2022 (Stjtið. ESB L 246, 22.9.2022, bls. 109 og EES-viðbætur nr. 61, 22.9.2022, bls. 105), gildistöku er beðið. Sameiginlega EES-nefndin tók síðar fullt tillit til leiðréttingar á ESB-gerðinni 28.10.2022.

^{724} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 19/2023 (Stjtið. ESB L, 2023/2313, 19.10.2023 og EES-viðbætur nr. 75, 19.10.2023, bls. 29), gildistöku er beðið.

^{725} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 186/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{726} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 186/2023 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{727} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun 19/2020 (Stjtið. ESB L 49, 16.2.2023, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 13, 16.2.2023, bls. 41), gildistaka 1.1.2023.

^{728} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun 19/2020 (Stjtið. ESB L 49, 16.2.2023, bls. 42 og EES-viðbætur nr. 13, 16.2.2023, bls. 41), gildistaka 1.1.2023.

31bh.^{729} **32015R2365** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 frá 25. nóvember 2015 um gagnsæi í fjármögnunarviðskiptum með verðbréf og um endurnotkun og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjóð. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32019R0463** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/463 frá 30. janúar 2019 (Stjóð. ESB L 80, 22.3.2019, bls. 16).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókonar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin aðildarríki/n og lögbær yfirvöld þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
- b) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar á verðbréfamarkaði (ESMA) skv. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin, í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, samning þennan.
- c) Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum, skulu ESMA og Eftirlitsstofnun EFTA, starfa saman, skiptast á upplýsingum og hafa samráð hvor við aðra að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til hvers konar aðgerða.
- d) Ákvarðanir, bráðabirgðaákvarðanir, tilkynningar, einfaldar beiðnir, afturkallanir ákvarðana og aðrar ráðstafanir sem Eftirlitsstofnun EFTA grípur til skv. 6. mgr. 5. gr., 1. mgr. 7. gr. og 10. gr. skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem ESMA hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.
- e) Skilja ber tilvísanir til aðila að seðlabankakerfi Evrópu þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni.
- f) Í 5. gr.:
 - i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“;
 - ii) í 5. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“;
 - iii) í 6. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- g) Í 6. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- h) Í 7. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- i) Í 8. gr.:
 - i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“;
 - ii) eftirfarandi kemur í stað 2. mgr.:
„ESMA og Eftirlitsstofnun EFTA skulu tilkynna hvor annari og framkvæmdastjórninni um allar ákvarðanir sem teknar eru skv. 1. mgr.“

^{729} Liðnum, undirliðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 385/2021 (Stjóð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]). Var síðar leiðréttur fyrir birtingu með leiðréttingu frá 18.3.2022, gildistöku er bedið.

- j) Í 9. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.
- k) Í 10. gr.:
 - i) í 1. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“;
 - ii) í 2. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „ESMA“ sem „Eftirlitsstofnun EFTA“;
 - iii) í öðrum málslíð 3. mgr. er orðunum „eða að semja ekki drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA að því leyti, ef um er að ræða afleiðuviðskiptaskrá, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðinu „hlutaðeigandi“.
- l) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við 1. mgr. 11. gr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, að því er varðar afleiðuviðskiptaskrár sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, innheimta gjöld á sama grundvelli og gjöld sem eru innheimt af öðrum afleiðuviðskiptaskráum í samræmi við þessa reglugerð og framseldu reglugerðirnar sem um getur í 2. mgr.

Fjárhæðir þær sem Eftirlitsstofnun EFTA innheimtir í samræmi við þessa málsgrein skulu afhentar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án ótíllýðilegrar tafar.“

- m) Í 18. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „EIOPA“,
- n) Í 2. mgr. 21. gr. er orðunum „og fastanefnd EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir hugtakinu „ráðið“.
- o) Í 22. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) í 6. mgr. orðast „fyrir 13. janúar 2018“ sem „innan tveggja ára frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021“,
 - ii) í 7. mgr. orðast „13. júlí 2017“ sem „innan sex mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021“.
- p) Í þriðja málslíð 5. mgr. 26. gr. er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „einungis lögbærum yfirvöldum“.
- q) Í 33. gr. hljóðar önnur málsgrein svo, að því er varðar EFTA-ríkin:

„Þessi reglugerð skal koma til framkvæmda frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021, að undanskildum:

- a) 1. mgr. 4. gr. sem skal koma til framkvæmda:
 - i) sex mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 að því er varðar fjárhagslega mótaðila sem vísað er til í a- og b-lið 3. tl. 3. gr. og aðila í þriðju ríkjum sem vísað er til í i-lið 3. tl. 3. gr. sem myndu þurfa samþykki eða skráningu í samræmi við löggjöfina sem vísað er til í a- og b-lið 3. tl. 3. gr. ef þeir hefðu staðfestu á EES-svæðinu,
 - ii) 12 mánuðum eftir gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 sem vísað er til í g- og h-liðum 3. tl. 3. gr. og aðila í þriðju ríkjum sem vísað er til í i-lið 3. tl. 3. gr. sem myndu þurfa samþykki eða skráningu í samræmi við löggjöfina sem vísað er til g- og h-lið 3. tl. 3. gr. ef þeir hefðu staðfestu á EES-svæðinu,

- iii) 15 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 að því er varðar fjárhagslega mótaðila sem vísað er til í c- til f-lið 3. tl. 3. gr. og aðila í þriðju ríkjum sem myndu þurfa samþykki eða skráningu í samræmi við löggjöfina sem vísað er til í c- til f-lið 3. tl. 3. gr. ef þeir hefðu staðfestu í Sambandinu, og
 - iv) 15 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem inniheldur framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 að því er varðar ófjárhagslega mótaðila,
- b) 13. gr. sem skal koma til framkvæmda frá og með einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021,
 - c) 14. gr. sem skal koma til framkvæmda 18 mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021 að því er varðar sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem falla undir tilskipun 2009/65/EB eða tilskipun 2011/61/ESB sem eru stofnaðir fyrir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021,
 - d) 15. gr. sem skal koma til framkvæmda sex mánuðum eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 385/2021 frá 10. desember 2021 ef við á, m.a. að því er varðar tryggingarráðstafanir sem eru til staðar á þeim degi.“

31bhb.^{730}**32019R0356** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/356 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem skal veita viðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 1).

31bhc.^{731}**32019R0357** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/357 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um aðgang að upplýsingum í viðskiptaskráum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 22).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Skilja ber tilvísanir til aðila að seðlabankakerfi Evrópu þannig að þær taki til seðlabanka EFTA-ríkjanna, til viðbótar við merkingu þeirra í framseldu reglugerðinni.

31bhd.^{732}**32019R0358** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/358 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir söfnun, sannpröfun, samantekt, samanburð og útgáfu viðskiptaskráa á gögnum um fjármögnunarviðskipti með verðbréf (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 30).

31bhe.^{733}**32019R0359** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/359 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2015/2365 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina upplýsingarnar sem skulu vera í umsókninni um skráningu og framlengingu skráningar sem viðskiptaskrá (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 45).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 1. gr.:
 - i) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ við á er bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“;

^{730} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{731} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{732} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{733} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

- ii) orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðunum „fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina“.
- b) Í 3. mgr. 14. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- c) Í b-lið 17. mgr. orðast „Sambandslög eða lög þriðju ríkja“ sem „EES-samningnum eða lög þriðju ríkja“.
- d) Í 27. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

31bhf.^{734}**32019R0360** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/360 frá 13. desember 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2015/2365 að því er varðar gjöld sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir af viðskiptaskráum (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 58), eins og henni var breytt með:

-^{735} **32021R0822** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/822 frá 24. mars 2021 (Stjútíð. ESB L 183, 25.5.2021, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 9. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- b) Í 2. mgr. 10. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- c) Í 12. gr.
 - i) í 1. mgr. koma orðin „Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin eða Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar afleiðuviðskiptaskrár, sem hafa staðfestu í EFTA-ríkjunum“ í stað orðanna „Einungis Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,
 - ii) í 2. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- d) Í öðrum hluta viðaukans, í fjórðu undirgrein 3. mgr. og í 4. mgr., er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „ESMA“.

31bhg.^{736}**32019R0363** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/363 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát og tíðni skýrsla um upplýsingar um fjármögnunarviðskipti með verðbréf til viðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1247/2012 að því er varðar notkun á skýrslugjafarkóðum við skýrslugjöf um afleiðusamninga (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 85).

31bhh.^{737}**32019R0364** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/364 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið umsókna um skráningu og framlengingu skráningar afleiðuviðskiptaskráa í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 125).

31bhi.^{738}**32019R0365** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/365 frá 13. desember 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir upplýsingaskipti um viðurlög, ráðstafanir og rannsóknir í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2365 (Stjútíð. ESB L 81, 22.3.2019, bls. 128).

^{734} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{735} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 100/2023 (Stjútíð. ESB L 2023/02254, 9.11.2023 og EES-viðbætur nr. 81, 9.11.2023, bls. 47), gildistöku er beðið.

^{736} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{737} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{738} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 386/2021 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

31bi.^{739} **32019R1156** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 frá 20. júní 2019 um að auðvelda dreifingu sjóða um sameiginlega fjárfestingu yfir landamæri og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013 og (ESB) nr. 1286/2014 (Stjtið. ESB L 188, 12.7.2019, bls. 55).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 8. gr. að því er varðar EFTA-ríkin skulu orðin „innan 18 mánaða frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2021 frá 5. febrúar 2021 og fyrir 31. mars hvert oddatöluár þaðan í frá“ koma í stað orðanna „eigi síðar en 31. mars 2021 og annað hvert ár þaðan í frá“.
- b) Í 10. gr. að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „innan sex mánaða frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2021 frá 5. febrúar 2021“ í stað orðanna „eigi síðar en 2. febrúar 2020“.

31bia.^{740} **32021R0955** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/955 frá 27. maí 2021 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1156 að því er varðar eyðublöð, sniðmát, verklagsreglur og tæknilegar ráðstafanir fyrir birtingar og tilkynningar á reglum, gjöldum og þóknunum vegna markaðssetningar og þær upplýsingar sem á að senda til að koma upp og viðhalda miðlægu gagnasafni um markaðssetningu sérhæfðra sjóða og verðbréfasjóða yfir landamæri, ásamt eyðublöðum, sniðmátum og verklagsreglum fyrir miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. ESB L 211, 15.6.2021, bls. 30), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 398, 11.11.2021, bls. 49.

31bj.^{741} **32019L2162** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Að því er varðar EFTA-ríkin varðar, orðast „réttargerðum Sambandsins“ í 4. mgr. 16. gr. og „lög Sambandsins“ í 1. mgr. 25. gr. sem „ákvæði EES-samningsins“.
- b) Í 30. gr. að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „8. júlí 2022“ sem „dagsetninguna sem vísað er til í annarri undirgrein 1. mgr. 32. gr.“.
- c) Að því er EFTA-ríkin varðar, orðast fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 32. gr. svo:

„1. EFTA-ríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. janúar 2023. Þau skulu þegar í stað tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.

Þau skulu beita þeim ráðstöfunum í síðasta lagi frá 8. júlí 2022 eða frá dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en sex mánuðum eftir það“.

31bl.^{742} **32020R1503** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 frá 7. október 2020 um evrópska þjónustuveitendur hópþjármögnunar fyrir fyrirtæki, og um breytingu á reglugerð (ESB) 2017/1129 og tilskipun (ESB) 2019/1937 (Stjtið. ESB L 347, 20.10.2020, bls. 1).

^{739} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 53/2021 (Stjtið. ESB L 2024/61, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 95), gildistöku er beðið.

^{740} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 187/2022 (Stjtið. ESB L 267, 13.10.2022, bls. 36 og EES-viðbætur nr. 66, 13.10.2022, bls. 35), gildistöku er beðið.

^{741} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 76/2022 (Stjtið. ESB L 182, 7.7.2022, bls. 61 og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 49), gildistöku er beðið.

^{742} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 30/2024 (Stjtið. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin aðildarríki/n og lögbær yfirvöld þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð, til viðbótar við merkingu þeirra í tilskipuninni.
- b) Tilvísanir í valdheimildir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skv. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010, ber að skilja sem tilvísanir í valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar EFTA-ríkin í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31i í þessum viðauka.
- c) Skilja ber vísanir til löggjafar Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins, nema annað sé tekið fram í þessum samningi.
- d) Í q-lið 1. mgr. 2. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „1. liðar 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2402“ í stað orðanna „2. liðar 1. gr. reglugerðar Seðlabanka Evrópu (ESB) nr. 1075/2013“.
- e) Í b-lið 2. mgr. 5. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „eins og skilgreint er í landslögum hlutaðeigandi EFTA-ríkis“ í stað orðanna „eins og staðfest er í stefnu Sambandsins þar að lútandi“.
- f) Í 1. mgr. 48. gr., koma orðin „einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EESnefndarinnar nr. 30/2024 frá 2. febrúar 2024“ í stað orðanna „10. nóvember 2022“, að því er EFTA-ríkin varðar.

31bla.^{743}**32022R1988**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1988 frá 12. júlí 2022 um framlengingu á umbreytingartímabilinu til að veita áfram hópfjármögnunarþjónustu í samræmi við landslög eins og um getur í 1. mgr. 48. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1503 (Stjútíð. ESB L 273, 21.10.2022, bls. 3).“

iv) Önnur málefni {744}

31c. []^{745}

31ca.^{746}**32001D0528** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB frá 6. júní 2001 um að koma á fót evrópskri verðbréfanefnd (Stjútíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45), eins og henni var breytt með:

- **32004D0008** - Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/8/EB frá 5. nóvember 2003 (Stjútíð. ESB L 3, 7.1.2004, bls. 33).

Tilhögun samstarfs við EFTA-ríkin í samræmi við 101. gr. samningsins:

Hverju EFTA-ríki er heimilt, í samræmi við ákvæði 3. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB, að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum evrópskrar verðbréfanefndar.

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal senda þátttakendum fundarboð og viðeigandi gögn með tilhlýðilegum fyrirvara.

31cc.^{747}**32022R0858** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2022/858 frá 30. maí 2022 um tilraunaregluverk fyrir innviði markaða sem byggjast á dreifðri færsluskrártækni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 600/2014 og (ESB) nr. 909/2014 og tilskipun 2014/65/ESB (Stjútíð. ESB L 151, 2.6.2022, bls. 1).

^{743} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 30/2024 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

^{744} Fyrirsögninni var bætt við með ákvörðun nr. 81/2008 (Stjútíð. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 5), gildistaka 5.7.2008.

^{745} Texta 31.liðar c (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB) var bætt við með ákvörðun nr. 81/2008 (Stjútíð. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 5), gildistaka 5.7.2008. Var síðar felldur brott með ákvörðun nr. 118/2013 (Stjútíð. ESB L 318, 28.11.2013, bls. 20 og EES-viðbætur nr. 67, 28.11.2013, bls. 22), gildistaka 15.6.2013.

^{746} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 81/2008 (Stjútíð. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 5), gildistaka 5.7.2008.

^{747} Liðnum og aðlögunartexta var bætt við með ákvörðun nr. 185/2023 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistöku er beðið.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- Í stað hugtaksins „lög Sambandsins“ kemur hugtakið „EES-samningnum“.
- Í 9. mgr. 5. gr. koma orðin „fjármálakerfis EES eða fjármálakerfis hlutaðeigandi samningsaðila“ í stað orðanna „fjármálakerfis Sambandsins eða fjármálakerfis hlutaðeigandi aðildarríkis“.
- Í 4. mgr. 11. gr. koma orðin „löggjöf EES um fjármálaþjónustu“ í stað „löggjöf Sambandsins um fjármálaþjónustu“.
2. mgr. 19. gr. að því er varðar EFTA-ríkin orðast „Hún kemur til framkvæmda innan 12 mánaða frá því er ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 185/2023 frá 5. júlí 2023 tekur gildi.“

IV. Lífeyrisgreiðslur í einstökum starfsgreinum ^{748}

31d.^{749} **32016L2341** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtið. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- Í c-lið 1. mgr. 56. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, er orðunum „og upplýsingar sem sendar eru frá eða varða EFTA-ríkin, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010“.
- Í annarri málsgrein 4. mgr. 60. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin,“ bætt við á eftir „Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin“.

V. Ákvæði sem varða allar tegundir fjármálaþjónustu ^{750}

31e.^{751} **32002L0065** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB (Stjtið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16), eins og henni var breytt með:

-^{752} **32005L0029** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 (Stjtið. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22),

-^{753} **32007L0064** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 (Stjtið. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1),

-^{754} **32015L2366** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2366 frá 25. nóvember 2015 (Stjtið. ESB L 337, 23.12.2015, bls. 35), eins og hún var leiðrétt í Stjtið. ESB L 102, 23.4.2018, bls. 97.

^{748} Fyrirsögninni og lið 30cb var bætt við með ákvörðun nr. 88/2006 (Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 26 og EES-viðbætur nr. 52, 19.10.2006, bls. 21), gildistaka 12.4.2007.

^{749} Liður 30cb var endurtölusettur sem liður 31bb með ákvörðun nr. 114/2007 (Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 34 og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 28), gildistaka 1.8.2009. Var síðar endurtölusettur sem 31. liður d (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB) með ákvörðun nr. 81/2008 (Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 5), gildistaka 5.7.2008. Var skipt út með ákvörðun nr. 54/2021 (Stjtið. ESB L 2024/63, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 97), gildistaka 1.8.2023.

^{750} Fyrirsögninni og 30. lið d var bætt við með ákvörðun nr. 47/2003 (Stjtið. ESB L 193, 31.7.2003, bls. 18 og EES-viðbætur nr. 39, 31.7.2003, bls. 12), gildistaka 1.5.2004. Fyrirsögnin var síðar endurtölusett, var IV, verður V, með ákvörðun nr. 88/2006 (Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 26 og EES-viðbætur nr. 52, 19.10.2006, bls. 21), gildistaka 12.4.2007.

^{751} Texti 30. liðar d var endurtölusettur sem 31. liður c með ákvörðun nr. 114/2007 (Stjtið. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 34 og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 28), gildistaka 1.8.2009. Var síðar endurtölusettur sem 30. liður e með ákvörðun nr. 81/2008 (Stjtið. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 5), gildistaka 5.7.2008.

^{752} Undirlíðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 93/2006 (Stjtið. ESB L 289, 19.10.2006, bls. 34 og EES-viðbætur nr. 52, 19.10.2006, bls. 27), gildistaka 1.2.2009.

^{753} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 114/2008 (Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 103 og EES-viðbætur nr. 79, 18.12.2008, bls. 11), gildistaka 1.11.2011.

^{754} Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 165/2019 (Stjtið. ESB L 291, 10.11.2022, bls. 50 og EES-viðbætur nr. 74, 10.11.2022, bls. 52), gildistöku er beðið.

31ea.^{755} **32002L0087** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótarefirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum sem eru hluti af fjármálasamsteypu og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjútíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1), eins og henni var breytt með:

-^{756} **32005L0001** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/1/EB frá 9. mars 2005 (Stjútíð. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9),

-^{757} **32010L0078** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/78/ESB frá 24. nóvember 2010 (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 120), eins og hún var leiðrétt í Stjútíð. ESB L 170, 30.6.2011, bls. 43 og Stjútíð. ESB L 54, 22.2.2014, bls. 23,

-^{758} **32013L0036** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338), eins og hún var leiðrétt í Stjútíð. ESB L 208, 2.8.2013, bls. 73 og Stjútíð. ESB L 20, 25.1.2017, bls. 1,

-^{759} **32011L0089** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/89/ESB frá 16. nóvember 2011 (Stjútíð. ESB L 326, 8.12.2011, bls. 113).

^{760} Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

„Í gr. 9a og 1. mgr. gr. 12a er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA, í málum sem kveðið er á um í, og í samræmi við, lið 31g, 31h og 31i í IX. viðauka við EES-samninginn“, bætt við á eftir orðunum „sameiginlega nefndin“.

31eaa.^{761} **32014R0342** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014 frá 21. janúar 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um beitingu útreikningsaðferðanna fyrir eiginfjárkröfur fjármálasamsteypa (Stjútíð. ESB L 100, 3.4.2014, bls. 1).

31eab.^{762} **32015R2303** - Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2303 frá 28. júlí 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina skilgreiningarnar á og samræma viðbótarefirlitið með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu (Stjútíð. ESB L 326, 11.12.2015, bls. 34).

31eac.^{763} **32022R2454** - Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2454 frá 14. desember 2022 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB að því er varðar skýrslugjöf vegna eftirlits með samþjöppun áhættu og viðskiptum innan samstæðu (Stjútíð. ESB L 324, 19.12.2022, bls. 55).

31eb.^{764} **32009R1060** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjútíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1), eins og hún var leiðrétt í Stjútíð. ESB L 350, 29.12.2009, bls. 59, eins og henni var breytt með:

^{755} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 104/2004 (Stjútíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 33 og EES-viðbætur nr. 65, 23.12.2004, bls. 24), gildistaka 1.8.2005. Var endurtölusetur sem 31. liður d með ákvörðun nr. 114/2007 (Stjútíð. ESB L 47, 21.2.2008, bls. 34 og EES-viðbætur nr. 9, 21.2.2008, bls. 28), gildistaka 1.8.2009. Var síðar endurtölusetur sem liður 31ea með ákvörðun nr. 81/2008 (Stjútíð. ESB L 280, 23.10.2008, bls. 12 og EES-viðbætur nr. 64, 23.10.2008, bls. 5), gildistaka 5.7.2008.

^{756} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 119/2005 (Stjútíð. ESB L 339, 22.12.2005, bls. 24 og EES-viðbætur nr. 66, 22.12.2005, bls. 14), gildistaka 1.4.2006.

^{757} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 92/2018 (Stjútíð. ESB L 340, 15.10.2020, bls. 25 og EES-viðbætur nr. 66, 15.10.2020, bls. 32), gildistaka 1.1.2020.

^{758} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 79/2019 (Stjútíð. ESB L 321, 12.12.2019, bls. 170 og EES-viðbætur nr. 99, 12.12.2019, bls. 1), gildistaka 1.1.2020.

^{759} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 131/2020 (Stjútíð. ESB L 173, 6.7.2023, bls. 27 og EES-viðbætur nr. 52, 6.7.2023, bls. 27), gildistaka 1.4.2021.

^{760} Aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 92/2018 (Stjútíð. ESB L 340, 15.10.2020, bls. 25 og EES-viðbætur nr. 66, 15.10.2020, bls. 32), gildistaka 1.1.2020.

^{761} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 81/2019 (Stjútíð. ESB L [verður birt síðar] og EES-viðbætur nr. [verður birt síðar]), gildistaka 1.1.2020.

^{762} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 55/2021 (Stjútíð. ESB L 2024/68, 11.1.2024 og EES-viðbætur nr. 3, 11.1.2024, bls. 99), gildistaka 6.2.2021.

^{763} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 55/2021 159/2023 (Stjútíð. ESB L, 2023/02556, 30.11.2023 og EES-viðbætur nr. 87, 30.11.2023, bls. 30), gildistaka 14.6.2023.

^{764} Liðnum var bætt við með ákvörðun nr. 20/2012 (Stjútíð. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 26 og EES-viðbætur nr. 34, 21.6.2012, bls. 31), gildistaka 1.8.2014.

- {⁷⁶⁵} **32011L0061** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 (Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1),
- {⁷⁶⁶} **32011R0513** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 513/2011 frá 11. maí 2011 (Stjttíð. ESB L 145, 31.5.2011, bls. 30),
- {⁷⁶⁷} **32013R0462** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 462/2013 frá 21. maí 2013 (Stjttíð. ESB L 146, 31.5.2013, bls. 1),
- {⁷⁶⁸} **32014L0051** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/51/ESB frá 16. apríl 2014 (Stjttíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókkunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“, „lögbær yfirvöld“ og „lögbær yfirvöld tiltekins geira“ þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra og lögbærra yfirvalda tiltekins geira, í þeirri röð, auk merkingar þeirra í reglugerðinni.
- b) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, starfa saman, skiptast á upplýsingum og hafa samráð að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til aðgerða. Þetta felur einkum í sér þá skyldu stofnananna að afhenda hvor annarri, án ótilhlýðilegrar tafar, upplýsingar sem þær þarfnast til að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð, svo sem skyldu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar til að semja drög, eins og fram kemur í d-lið. Tekur þetta m.a. til upplýsinga sem önnur stofnunin hefur fengið vegna umsókna um skráningu eða í svörum við beiðni um upplýsingar sem hafa verið send til markaðsaðila eða sem önnur stofnunin hefur aflað við rannsóknir eða vettvangsskoðanir.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, með fyrirvara um gildissvið 109. gr. samnings þessa, afhenda hvor annarri allar umsóknir, upplýsingar, kærur eða beiðnir sem falla undir valdheimildir þeirrar stofnunar.

Komi til ágreinings milli Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar skulu formaður Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, með tilliti til hversu málið er brýnt, boða til fundar án ótilhlýðilegrar tafar til að komast að samhljóða niðurstöðu. Takist ekki að komast að samhljóða niðurstöðu, getur formaður Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA farið fram á að samningsaðilar vísi málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr. þessa samnings, sem gildir að breyttu breytanda. Samningsaðili getur, í samræmi við 2. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 um starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar (Stjttíð. EB L 85, 30.3.1994, bls. 60), farið fram á að fundur verði kallaður saman án tafar þegar mikið liggur við. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar, getur samningsaðili hvenær sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. og 111. gr. þessa samnings.

- c) Engar tilvísanir í seðlabanka aðildarríkis samkvæmt þessari reglugerð taka til Liechtenstein.
- d) Ákvarðanir, bráðabirgðaákvarðanir, tilkynningar, einfaldar beiðnir, afturkallanir ákvarðana og aðrar ráðstafanir sem Eftirlitsstofnun EFTA grípur til skv. 3. mgr. 6. gr., 4. mgr. 15. gr., 2. mgr. 16. gr., 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 3. mgr. 17. gr., 20. gr., 1. mgr. 23. gr. b, 3. mgr. 23. gr. c, 4. mgr. 23. gr. d, 5. mgr. 23. gr. e, 1. mgr. 24. gr., 4. mgr. 24. gr., 1. mgr. 25. gr., 1. mgr. 36. gr. a og 1. mgr. 36. gr. b, skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.
- e) Orðin „EES-samninginn“ koma í stað orðanna „lög Sambandsins“ í g-lið í 1. mgr. 3. gr.

{⁷⁶⁵} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 202/2016 (Stjttíð. ESB L 46, 23.2.2017, bls. 30 og EES-viðbætur nr. 13, 23.2.2017, bls. 36), gildistaka 1.10.2016.

{⁷⁶⁶} Undirliðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 203/2016 (Stjttíð. ESB L 46, 23.2.2017, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 13, 23.2.2017, bls. 42), gildistaka 1.10.2016.

{⁷⁶⁷} Undirliðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 203/2016 (Stjttíð. ESB L 46, 23.2.2017, bls. 35 og EES-viðbætur nr. 13, 23.2.2017, bls. 42), gildistaka 1.10.2016. Var síðar leiðrétt [fyrir birtingu] með leiðréttingu frá 28.10.2016.

{⁷⁶⁸} Undirliðnum var bætt við með ákvörðun nr. 247/2018 (Stjttíð. ESB L 337, 23.9.2021, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 62, 23.9.2021, bls. 38), gildistaka 1.8.2019.

- f) Í 3. mgr. 6. gr.:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“,
 - ii) er eftirfarandi undirgreinum bætt við:
„Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, ef um er að ræða samsteypu lánshæfismatsfyrirtækja sem í er að minnsta kosti eitt lánshæfismatsfyrirtæki með staðfestu í EFTA-ríki og að minnsta kosti eitt lánshæfismatsfyrirtæki með skráð aðsetur í aðildarríki ESB, tryggja í sameiningu að eitt lánshæfismatsfyrirtækjanna í samsteypunni hið minnsta sé ekki undanþegið kröfunum sem koma fram í 2., 5. og 6. lið þáttar A í I. viðauka og í 4. mgr. 7. gr
Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skulu tilkynna hvor annarri um alla framvindu sem hefur þýðingu að því er varðar samþykkt gerða samkvæmt þessari málsgrein.“
- g) Í 2. mgr. 8. gr. b koma orðin „EES-samninginn“ í stað orðanna „lög Sambandsins“.
- h) Í 2. mgr. 8. gr. d og 3. mgr. 18. gr. er eftirfarandi bætt við:
„Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal færa skráð lánshæfismatsfyrirtæki, sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, í þá skrá.“
- i) Í 9. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, að því er varðar EFTA-ríkin“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“.
- j) Í 6. mgr. 10. gr. og í 52. lið I. hluta III. viðauka er orðunum „ Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“.
- k) Í 2. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 11. gr. a er eftirfarandi undirgrein bætt við:
„Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal birta upplýsingar sem lánshæfismatsfyrirtæki, sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, senda samkvæmt þessari grein.“
- l) Í 14. gr.:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 2. og 5. mgr.,
 - ii) í 4. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- m) Í 15. gr.:
- i) er orðunum „eða til Eftirlitsstofnunar EFTA, ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“ í 1. mgr.,
 - ii) í 2. mgr. er orðunum „eða til Eftirlitsstofnunar EFTA, ef lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki, er veitt umboð“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“,
 - iii) í 4. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- n) Í 16. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- o) Í 17. gr.:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1., 2. og 4. mgr.,
 - ii) í 3. mgr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, að því er varðar hvert og eitt lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

- p) Í 18. gr.:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1. mgr.,
 - ii) í stað 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu tilkynna hvor annarri, framkvæmdastjórninni, Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, lögbærum yfirvöldum og lögbærum yfirvöldum tiltekens geira um allar ákvarðanir sem eru teknar skv. 16., 17. eða 20. gr.“.
- q) Í 1. mgr. 19. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
- „Eftirlitsstofnun EFTA skal, að því er varðar lánshæfismatsfyrirtæki, sem hafa staðfestu í EFTA-ríki, innheimta gjöld á sama grundvelli og gjöld sem eru innheimt af öðrum lánshæfismatsfyrirtækjum í samræmi við þessa reglugerð og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 2. mgr.
- Fjárhæðir þær sem Eftirlitsstofnun EFTA innheimtir í samræmi við þessa málsgrein skulu afhentar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni án ótilhlýðilegrar tafar.“
- r) Í 20. gr.:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1. mgr.,
 - ii) í öðrum málslið 2. mgr. er orðunum „eða að semja ekki drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í þá veru, ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðinu „lánshæfismatsfyrirtækis“.
- s) Í 21. gr.:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki, sem hefur staðfestu í EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1. mgr.
 - ii) í 5. mgr. er eftirfarandi bætt við:

„Sú skýrsla skal einnig taka til þeirra lánshæfismatsfyrirtækja í EFTA-ríkjunum sem skráð eru samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsstofnun EFTA skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að hún geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari málsgrein.“,
 - iii) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar texti 6. mgr. svo:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal skila árlegri skýrslu til fastanefndar EFTA-ríkjanna um eftirlitsráðstafanir sem gerðar eru og viðurlög sem Eftirlitsstofnun EFTA beitir samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. sektir og févítí.“.
- t) Í 23. gr. er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni“.
- u) Í 23. gr. a er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.
- v) Í 23. gr. b:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða lánshæfismatsfyrirtæki eða aðila sem taka þátt í lánshæfismatsstarfsemi, metnar einingar og tengda þriðju aðila, þriðju aðila sem lánshæfismatsfyrirtæki hafa útvistað tilteknum rekstrarþáttum eða starfsemi til, og aðra aðila sem á annan hátt eru verulega skyldir eða tengdir lánshæfisatsfyrirtækjum eða lánshæfismatsstarfsemi, sem hafa staðfestu í EFTA-ríki,“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1. mgr.,

- ii) að því er EFTA-ríkin varðar er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við í stað orðanna „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“, í 2., 3. og 5. mgr.,
 - iii) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar texti g-liðar 3. mgr. svo:
„tilgreina réttinn til endurskoðunar EFTA-dómstólsins á ákvörðuninni, í samræmi við 36. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“,
 - iv) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 5. mgr.:
„Eftirlitsstofnun EFTA skal framsenda Evrópsku verðbréfamarkaðs- eftirlitsstofnuninni upplýsingar sem tekið var við samkvæmt þessari grein án ótilhlýðilegrar tafar.“.
- w) Í 23. gr. c:
- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, ef um er að ræða aðila sem fellur undir rannsókn og hefur staðfestu í EFTA-ríki“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“ í 1. mgr.,
 - ii) í 1. mgr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:
„Embættismenn og aðrir aðilar sem hafa til þess umboð Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skulu hafa rétt til að vera Eftirlitsstofnun EFTA til aðstoðar við að sinna skyldum sínum samkvæmt þessari grein og hafa rétt til að taka þátt í rannsóknum að beiðni Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.“,
 - iii) að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“, í 2., 3. og 4. mgr. og í fyrsta og öðrum málslið 6. mgr.,
 - iv) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar annar málsliður 3. gr. svo:
„Ákvörðunin skal tilgreina viðfangsefni og tilgang rannsóknarinnar, févítí sem kveðið er á um í 36. gr. b og réttinn til endurskoðunar EFTA-dómstólsins á ákvörðuninni, í samræmi við 36. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.“,
 - v) að því er EFTA-ríkin varðar koma orðin „málsskjali Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA“ í stað orðanna „málsskjali Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar“ í þriðja málslið 6. mgr.,
 - vi) að því er EFTA-ríkin varðar hljóðar fjórði málsliður 6. mgr. svo:
- i) orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ koma í stað orðanna „stofnunin“, „stofnuninni og framkvæmdastjórninni“, „stofnuninni, framkvæmdastjórninni“ og „framkvæmdastjórnina og stofnunina“,
 - ii) orðin „fastanefnd EFTA-ríkjanna“ koma í stað orðsins „ráðið“,
 - iii) eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fjórðu undirgrein 2. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótilhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu hlutaðeigandi EFTA-ríkis til stofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að standa við ákvörðun, breyta henni eða afturkalla skal tekin á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“
 - iv) eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir þriðju undirgrein 3. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótilhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu EFTA-ríkisins til stofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins.“
 - v) eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir fyrstu undirgrein 4. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótilhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu EFTA-ríkisins til stofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins.“
 - vi) eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„6. Ef ákvörðun í máli sem fellur undir 3. mgr. 19. gr., með hliðsjón af 20. gr., eftir því sem við á, og varðar ágreining sem einnig tekur til lögbærra yfirvalda eins eða fleiri EFTA-ríkja, er frestað eða felld úr gildi samkvæmt þessari grein, skal einnig fresta eða fella úr gildi allar samhlíða ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA í viðkomandi máli.

Ef stofnunin breytir ákvörðun sinni eða afturkallar hana, í slíkum tilvikum, skal stofnunin, án ótíðhlyðilegrar tafar, semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.“.

t) Í 39. gr.:

i) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 1. mgr.:

„Þegar stofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við þessa reglugerð skal hún tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og, með fullu tilliti til þess hversu málið er brýnt og flókið og hvaða afleiðingar það kann að hafa, setja tímamörk sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til að gera einstaklingum eða lögaðilum, þ.m.t. lögbæru yfirvaldi sem er viðtakandi ákvörðunarinnar sem verður tekin, kleift að gefa álit sitt á málinu.“.

ii) eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 4. mgr.:

„Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun skv. 3. eða 4. mgr. 18. gr. skal hún endurskoða þá ákvörðun með viðeigandi millibili. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna stofnuninni um væntanlegar endurskoðanir, svo og um alla framvindu sem skiptir máli fyrir endurskoðunina.

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að breyta eða afturkalla ákvörðun skal tekin á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið. Stofnunin skal, tímanlega fyrir áformaða endurskoðun, leggja niðurstöðurnar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ásamt drögum, gerist þess þörf.“.

iii) að því er EFTA-ríkin varðar er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „stofnunin“ í 5. mgr.

u) Í 1. mgr. 40. gr.:

i) eftirfarandi er bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“ í b-lið:

„og forstöðumanni opinbers landsyfirvalds, sem er lögbær eftirlitsaðili með lánastofnunum í hverju EFTA-ríki, án atkvæðisréttar,“.

ii) orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðinu „eftirlitsstofnunum“ í f-lið.“.

v) Í 43. gr.:

i) orðunum „semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðinu „ákvarðanir“ í 2. mgr.,

ii) orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA, fastanefnd EFTA-ríkjanna“ er bætt við á eftir orðinu „ráðinu“ í 4. og 6. mgr.

w) Í 44. gr.:

i) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 1. mgr.:

„Ákvæði þessarar málsgreinar skulu gilda, að breyttu breytanda, þegar um ræðir drög sem hafa verið samin fyrir Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.“.

ii) orðunum „ásamt fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA“ er bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjóranum“ í 4. mgr.,

iii) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 4. mgr.:

„Aðilar EFTA-ríkjanna í eftirlitsstjórninni, samkvæmt b-lið í 1. mgr. 40. gr., skulu eiga rétt á að sitja umræður í eftirlitsstjórninni sem varða einstakar fjármálastofnanir.“

- x) Eftirfarandi orðum er bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“ í 2. mgr. 57. gr.:

„ásamt einum háttsettum fulltrúa viðkomandi lögbærs yfirvalds frá hverju EFTA-ríki og einum fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- y) Eftirfarandi undirgrein er bætt við í 4. mgr. 60. gr.:

„Ef kæra varðar ákvörðun stofnunarinnar sem var tekin skv. 19. gr., með hliðsjón af 20. gr., eftir því sem við á, í máli þar sem ágreiningurinn tekur einnig til lögbærra yfirvalda eins eða fleiri EFTA-ríkja, skal kærunefndin hvetja hlutaðeigandi lögbært yfirvald EFTA-ríkjanna til að gera athugasemdir við miðlun upplýsinga frá aðilum að kærumeðferðinni, innan tilgreindra tímamarka. Hlutaðeigandi lögbært yfirvald EFTA-ríkjanna skal hafa rétt til að gera munnlegar athugasemdir.“

- z) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í a-lið í 1. mgr. 62. gr.:

„Landsbundin opinber yfirvöld EFTA-ríkjanna skulu leggja fram fé til fjárhagsáætlunar stofnunarinnar í samræmi við þennan lið.
Til þess að ákvarða skyldubundin framlög landsbundinna opinberra yfirvalda EFTA-ríkjanna, sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálastofnunum samkvæmt þessum lið, skal vægi hvers EFTA-ríkis vera sem hér segir:

Ísland: 2

Liechtenstein: 1

Noregur: 7“

- za) Eftirfarandi er bætt við í 67. gr.:

„EFTA-ríkin skulu beita bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar.“

- zb) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 68. gr.:

„5. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna er framkvæmdastjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.

Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna, skal stofnunin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“

- zc) Eftirfarandi málsgrein er bætt við í 72. gr.:

„4. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar skulu, að því er varðar beitingu reglugerðarinnar, gilda um lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna að því er varðar skjöl sem stofnunin hefur tekið saman.““

31h.^{795} **32010R1094** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópski eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaefirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtúð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48), eins og henni var breytt með:

^{795} Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 200/2016 (Stjtúð. ESB L 46, 23.2.2017, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 13, 23.2.2017, bls. 16), gildistaka 1.10.2016.

{⁷⁹⁶} **32014L0051** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/51/ESB frá 16. apríl 2014 (Stjtið. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA skulu hafa sömu réttindi og skyldur og lögbær yfirvöld aðildarríkja ESB, að atkvæðisrétti undanskildum, í starfi evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðæftirlitsstofnunarinnar), hér á eftir nefnd „stofnunin“, eftirlitsstjórnar hennar, og allra undirbúningsnefnda stofnunarinnar, þ.m.t. innri nefndir og umræðuhópar, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings.

Stofnunin skal, með fyrirvara um ákvæði 108. og 109. gr. þessa samnings, hafa rétt til að taka þátt í starfi Eftirlitsstofnunar EFTA og undirbúningsnefndum hennar, þó án ákvæðisréttar, þegar Eftirlitsstofnun EFTA sinnir störfum stofnunarinnar, að því er varðar EFTA-ríkin, eins og kveðið er á um í þessum samningi.

Með starfsreglum stofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA tekur þátttaka þeirra að fullu gildi, sem og þátttaka lögbærra yfirvalda EFTA-ríkjanna, hvorra í annarrar störfum í eins og kveðið er á um í þessum samningi.

- b) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra auk merkingar þeirra í reglugerðinni, í þeirri röð.
- c) Starfsreglur stofnunarinnar skulu, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, gilda að breyttu breytanda að því er varðar málefni sem varða lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna og fjármálastofnanir. Einkum skulu drög sem eru gerð fyrir Eftirlitsstofnun EFTA lúta sömu starfsreglum og undirbúningur samþykktra ákvarðana um sambærileg mál sem varða aðildarríki ESB, þ.m.t. lögbær yfirvöld þeirra og fjármálastofnanir.
- d) Stofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til hvers kyns aðgerða.

Komi til ágreinings milli stofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar skulu formaður stofnunarinnar og stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, að teknu tilliti til þess hversu málið er brýnt, boða til fundar án ótilhlýðilegrar tafar til þess að leita eftir samstöðu. Náist ekki samstaða, getur formaður stofnunarinnar eða stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA farið þess á leit við samningsaðila að þeir vísi málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr. þessa samnings, sem skal gilda að breyttu breytanda. Samningsaðili getur, í samræmi við 2. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 um starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar (Stjtið. EB L 85, 30.3.1994, bls. 60), farið fram á að fundur verði kallaður saman án tafar þegar mikið liggur við. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar, getur samningsaðili, hvenær sem er, vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar, að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. og 111. gr. þessa samnings.

- e) Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni skulu gilda að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samning þennan.

- f) Í 1. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

i) orðunum „eða Eftirlitsstofnunar EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðinu „stofnunarinnar“ í 4. mgr.,

ii) 5. mgr. hljóðar sem hér segir:

„Ákvæði þessarar reglugerðar eru með fyrirvara um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA, einkum skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, til að tryggja að farið sé að EES-samningnum eða fyrrnefndum samningi.“

{⁷⁹⁶} Undirliðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ var bætt við með ákvörðun nr. 247/2018 (Stjtið. ESB L 337, 23.9.2021, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 62, 23.9.2021, bls. 38), gildistaka 1.8.2019.

- g) Í 5. mgr. 9. gr.:
- i) að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „Stofnunin“ í fyrstu undirgrein,
- ii) að því er varðar EFTA-ríkin kemur eftirfarandi í stað annarrar og þriðju undirgreinar:
- „Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.
- Eftirlitsstofnun EFTA skal endurskoða ákvörðunina, sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinum, með viðeigandi millibili og ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Ef ákvörðunin er ekki endurnýjuð að þriggja mánaða tímabili loknu skal hún falla úr gildi sjálfkrafa.
- Eftirlitsstofnun EFTA skal, svo fljótt sem auðið er eftir að ákvörðunin sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinum hefur verið samþykkt, tilkynna stofnuninni um hvenær hún fellur úr gildi. Stofnunin skal leggja niðurstöður sínar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ásamt drögum ef þess er þörf, tímanlega áður en þriggja mánaða tímabilið, sem um getur í þriðju undirgrein, rennur út. Eftirlitsstofnun EFTA getur tilkynnt stofnuninni um hvers kyns framvindu sem hún telur skipta máli fyrir endurskoðunina.
- EFTA-ríki getur óskað eftir að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun sína til endurskoðunar. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda þá beiðni til stofnunarinnar. Í því tilviki skal stofnunin, í samræmi við verklagið sem kemur fram í annarri undirgrein 1. mgr. 44. gr., íhuga að semja ný drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.
- Ef stofnunin breytir eða afturkallar ákvörðun sem er hliðstæð ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, skal stofnunin, án ótilhlýðilegrar tafar, semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.“ h) Í 4. mgr. 16. gr. er orðunum „fastanefnd EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“.
- h) Í 4. mgr. 16. gr. er orðunum „fastanefnd EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“.
- i) Í 17. gr.:
- i) koma orðin „EES-samningurinn“ í stað orðanna „lög Sambandsins“,
- ii) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „Stofnunin“ í 1. mgr.,
- iii) er orðunum „fastanefndar EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 2. mgr.,
- iv) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 2. mgr.:
- „Ef stofnunin rannsakar meint brot á EES-samningnum eða vanrækslu á beitingu hans að því er varðar lögbært yfirvald EFTA-ríkis, skal hún tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um eðli og tilgang rannsóknarinnar og veita henni reglulega eftir það uppfærðar upplýsingar sem eru Eftirlitsstofnun EFTA nauðsynlegar til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum á viðeigandi hátt skv. 4. og 6. mgr.“,
- v) að því er varðar EFTA-ríkin mun önnur undirgrein 3. mgr. hljóða sem hér segir:
- „Lögbæra yfirvaldið skal, innan tíu virkra daga frá móttöku tilmællanna, tilkynna stofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA til hvaða aðgerða það hefur gripið, eða ætli að grípa, til að tryggja að farið sé að EES-samningnum.“,
- vi) að því er varðar EFTA-ríkin munu 4. og 5. mgr. hljóða sem hér segir:
- „4. Eftirlitsstofnun EFTA getur gefið út formlegt álit ef lögbæra yfirvaldið hefur ekki farið að EES-samningnum innan eins mánaðar frá móttöku tilmæla stofnunarinnar, þar sem þess er krafist að lögbæra yfirvaldið grípi til nauðsynlegra aðgerða til að fara að EES-samningnum. Í formlegu álitu Eftirlitsstofnunar EFTA skal tekið tillit til tilmæla stofnunarinnar.

Eftirlitsstofnun EFTA skal birta slíkt formlegt álit eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilmælin voru samþykkt. Eftirlitsstofnun EFTA getur framlengt þetta tímabil um einn mánuð.

Formleg álit Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykkt á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.

Lögbær yfirvöld skulu veita stofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA allar nauðsynlegar upplýsingar.

5. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa stofnunina og Eftirlitsstofnun EFTA, innan tíu virkra daga frá móttöku formlega álitsins, sem um getur í 4. mgr., til hvaða aðgerða það hafi gripið eða ætli að grípa, til að tryggja að því formlega álitu verði hlítt.

vii) að því er varðar EFTA-ríkin munu orðin „með fyrirvara um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ koma í stað orðanna „með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ og orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ koma í stað orðsins „stofnunin“ í fyrstu undirgrein 6. mgr.,

viii) að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar önnur undirgrein 6. mgr. sem hér segir:

„Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

ix) að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar 8. mgr. sem hér segir:

„8. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta árlega upplýsingar um hvaða lögbæru yfirvöld og fjármálastofnanir í EFTA-ríkjunum hafa ekki farið að þeim formlegu álitum eða ákvörðunum sem um getur í 4. og 6. mgr.“

j) Í 18. gr.:

i) að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „stofnunin“, í 3. og 4. mgr.,

ii) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 3. og 4. mgr.:

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

iii) að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „með fyrirvara um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ í stað orðanna „með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ í 4. mgr.

k) Í 19. gr.:

i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „stofnunin“ í 1. mgr.,

ii) er orðunum „í aðildarríkjum ESB“ bætt við á eftir orðunum „með bindandi hætti fyrir hlutaðeigandi lögbær yfirvöld“ í 3. mgr.,

iii) er eftirfarandi undirgreinum bætt við í 3. mgr.:

„Ef eingöngu er um lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna að ræða og ef slíkum yfirvöldum tekst ekki að komast að samkomulagi innan tímamarka þeirrar sáttameðferðar, sem um getur í 2. mgr., getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun þar sem gerð er krafa um að þau grípi til sérstakra aðgerða, eða láti hjá líða að grípa til aðgerða, til að jafna ágreininginn, með bindandi hætti fyrir hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, í því skyni að tryggja að farið sé að EES-samningnum.“

Ef um lögbær yfirvöld eins eða fleiri aðildarríkja ESB og eins eða fleiri EFTA-ríkja er að ræða og ef slík yfirvöld ná ekki samkomulagi innan tímamarka þeirrar sáttameðferðar, sem um getur í 2. mgr., geta stofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun þar sem gerð er krafa um að lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja ESB annars vegar og hlutaðeigandi EFTA-ríkja hins vegar grípi til sérstakra aðgerða, eða láti hjá líða að grípa til aðgerða, til að jafna ágreininginn, með bindandi hætti fyrir hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, í því skyni að tryggja að farið sé að EES-samningnum.“

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- iv) að því er varðar EFTA-ríkin er orðunum „með fyrirvara um valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ bætt við í stað orðanna „með fyrirvara um valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ og orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við í stað orðsins „Stofnunin“ og orðunum „EES-samningnum“ í stað orðanna „lögum Sambandsins“ í 4. mgr.,
- v) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 4. mgr.:

„Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- l) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 20. gr.:

„Ef eingöngu er um að ræða lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr.“

Ef um lögbær yfirvöld eins eða fleiri aðildarríkja ESB og eins eða fleiri EFTA-ríkja er að ræða, geta stofnunin annars vegar og Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar tekið ákvörðun í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr.“

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin, evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaftirlitsstofnunin) og/eða evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), eftir því sem við á, hafa samið, að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA. Stofnunin, evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaftirlitsstofnunin) og evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) skulu, eftir því sem við á, komast að sameiginlegri afstöðu, í samræmi við 56. gr., og skulu samþykkja ákvarðanirnar og/eða drögin samhliða.“

- m) Orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðinu „Stofnunin“ í 4. mgr. 21. gr.
- n) Orðunum „Eftirlitsstofnunar EFTA eða fastanefndar EFTA-ríkjanna“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópuþingsins, ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar“ í 4. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 34. gr.
- o) Orðin „,til seðlabanka aðildarríkisins“ í 5. mgr. 35. gr. taka ekki til Liechtenstein.
- p) Í 38. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
 - i) koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „stofnunin“, „stofnuninni og framkvæmdastjórninni“, „stofnuninni, framkvæmdastjórninni“ og „framkvæmdastjórnina og stofnunina“,
 - ii) koma orðin „fastanefnd EFTA-ríkjanna“ í stað orðsins „ráðið“,

- iii) eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir fjórðu undirgrein 2. mgr.:
- „Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótíhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu hlutaðeigandi EFTA-ríkis til stofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að standa við ákvörðun, breyta henni eða afturkalla skal tekin á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“
- iv) eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir þriðju undirgrein 3. mgr.:
- „Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótíhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu EFTA-ríkisins til stofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins.“
- v) eftirfarandi undirgrein er bætt við á eftir fyrstu undirgrein 4. mgr.:
- „Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótíhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu EFTA-ríkisins til stofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins.“
- vi) eftirfarandi málsgrein er bætt við:
- „6. Ef ákvörðun í máli sem fellur undir 3. mgr. 19. gr., með hliðsjón af 20. gr., eftir því sem við á, og varðar ágreining sem einnig tekur til lögbærra yfirvalda eins eða fleiri EFTA-ríkja, er frestað eða felld úr gildi samkvæmt þessari grein, skal einnig fresta eða fella úr gildi allar samhliða ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA í viðkomandi máli.
- Ef stofnunin breytir ákvörðun sinni eða afturkallar hana, í slíkum tilvikum, skal stofnunin, án ótíhlýðilegrar tafar, semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.“
- q) Í 39. gr.:
- i) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 1. mgr.:
- „Þegar stofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við þessa reglugerð skal hún tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og, með fullu tilliti til þess hversu málið er brýnt og flókið og hvaða afleiðingar það kann að hafa, setja tímamörk sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til að gera einstaklingum eða lögaðilum, þ.m.t. lögbæru yfirvaldi sem er viðtakandi ákvörðunarinnar sem verður tekin, kleift að gefa álit sitt á málinu.“
- ii) er eftirfarandi undirgreinum bætt við í 4. mgr.:
- „Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun skv. 3. eða 4. mgr. 18. gr. skal hún endurskoða þá ákvörðun með viðeigandi millibili. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna stofnuninni um væntanlegar endurskoðanir, svo og um alla framvindu sem skiptir máli fyrir endurskoðunina.
- Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að breyta eða afturkalla ákvörðun skal tekin á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið. Stofnunin skal, tímanlega fyrir áformaða endurskoðun, leggja niðurstöðurnar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ásamt drögum, gerist þess þörf.“
- iii) að því er EFTA-ríkin varðar er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „stofnunin“ í 5. mgr.
- r) Í 1. mgr. 40. gr.:
- i) er eftirfarandi bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“ í b-lið:
- „og forstöðumanni opinbers landsyfirvalds, sem er lögbær eftirlitsaðili með fjármálastofnunum í hverju EFTA-ríki, án atkvæðisréttar,“
- ii) orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ er bætt við á eftir orðinu „eftirlitsstofnunum“ í e-lið.
- s) Í 43. gr.

- i) er orðunum „semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „ákvæðanir“ í 2. mgr.,
- ii) er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA, fastanefnd EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðinu „ráðinu“ í 4. og 6. mgr.
- t) Í 44. gr.:
- i) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 1. mgr.:
- „Ákvæði þessarar málsgreinar skulu gilda, að breyttu breytanda, þegar um ræðir drög sem hafa verið samin fyrir Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar.“,
- ii) er orðunum „ásamt fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjóranum“ í 4. mgr.,
- iii) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 4. mgr.:
- „Aðilar EFTA-ríkjanna í eftirlitsstjórninni, samkvæmt b-lið í 1. mgr. 40. gr., skulu eiga rétt á að sitja umræður í eftirlitsstjórninni sem varða einstakar fjármálastofnanir.“
- u) Er eftirfarandi orðum bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“ í 2. mgr. 57. gr.:
- „ásamt einum háttsettum fulltrúa viðkomandi lögbærs yfirvalds frá hverju EFTA-ríki og einum fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA.“
- v) Í 60. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við í 4. mgr.:
- „Ef kæra varðar ákvæðun stofnunarinnar sem var tekin skv. 19. gr., með hliðsjón af 20. gr., eftir því sem við á, í máli þar sem ágreiningurinn tekur einnig til lögbærra yfirvalda eins eða fleiri EFTA-ríkja, skal kærunefndin hvetja hlutaðeigandi lögbært yfirvald EFTA-ríkjanna til að gera athugasemdir við miðlun upplýsinga frá aðilum að kærumeðferðinni, innan tilgreindra tímamarka. Hlutaðeigandi lögbært yfirvald EFTA-ríkjanna skal hafa rétt til að gera munnlegar athugasemdir.“
- w) Í a-lið 1. mgr. 62. gr. er eftirfarandi undirgreinum er bætt við:
- „Landsbundin opinber yfirvöld EFTA-ríkjanna skulu leggja fram fé til fjárhagsáætlunar stofnunarinnar í samræmi við þennan lið.
- Til þess að ákvarða skyldubundin framlög landsbundinna opinberra yfirvalda EFTA-ríkjanna, sem bera ábyrgð á eftirliti með fjármálastofnunum samkvæmt þessum lið, skal vægi hvers EFTA-ríkis vera sem hér segir:
- Ísland: 2
- Liechtenstein: 1
- Noregur: 7.“
- x) Í 67. gr. er eftirfarandi bætt við:
- „EFTA-ríkin skulu beita bókun 7 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við sáttmálann um Evrópusambandið og sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins, gagnvart stofnuninni og starfsfólki hennar.“
- y) Í 68. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:
- „5. Þrátt fyrir ákvæði a-liðar 2. mgr. 12. gr. og a-liðar 3. mgr. 82. gr. ráðningarskilmála annarra starfsmanna er framkvæmdastjóra stofnunarinnar heimilt að gera ráðningarsamning við ríkisborgara EFTA-ríkjanna sem njóta óskertra borgaralegra réttinda.
- Þrátt fyrir ákvæði e-liðar 2. mgr. 12. gr., e-liðar 3. mgr. 82. gr. og 3. mgr. 85. gr. í ráðningarskilmálum annarra starfsmanna, skal stofnunin, að því er varðar starfsfólk hennar, líta á tungumálin sem vísað er til í 1. mgr. 129. gr. EES-samningsins sem tungumál Sambandsins sem vísað er til í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.“

z) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 72. gr.:

„4. Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar skulu, að því er varðar beitingu reglugerðarinnar, gilda um lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna að því er varðar skjöl sem stofnunin hefur tekið saman.““

31i.{⁷⁹⁷} **32010R1095** - Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjttíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84), eins og henni var breytt með:

-{⁷⁹⁸} **32011L0061** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 (Stjttíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1),

-{⁷⁹⁹} **32014L0051** - Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/51/ESB frá 16. apríl 2014 (Stjttíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA skulu hafa sömu réttindi og skyldur og lögbær yfirvöld aðildarríkja ESB, að atkvæðisrétti undanskildum, í starfi evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar), hér á eftir nefnd „stofnunin“, eftirlitsstjórnar hennar, og allra undirbúningsnefnda stofnunarinnar, þ.m.t. innri nefndir og umræðuhópar, með fyrirvara um ákvæði þessa samnings.

Stofnunin skal, með fyrirvara um ákvæði 108. og 109. gr. þessa samnings, hafa rétt til að taka þátt í starfi Eftirlitsstofnunar EFTA og undirbúningsnefndum hennar, þó án ákvæðisréttar, þegar Eftirlitsstofnun EFTA sinnir störfum stofnunarinnar, að því er varðar EFTA-ríkin, eins og kveðið er á um í þessum samningi.

Með starfsreglum stofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA tekur þátttaka þeirra að fullu gildi, sem og þátttaka lögbærra yfirvalda EFTA-ríkjanna, hvorra í annarrar störfum í eins og kveðið er á um í þessum samningi.

b) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra auk merkingar þeirra í reglugerðinni, í þeirri röð.

c) Starfsreglur stofnunarinnar skulu, nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, gilda að breyttu breytanda að því er varðar málefni sem varða lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna og þátttakendur á fjármálamarkaði. Einkum skulu drög sem eru samin fyrir Eftirlitsstofnun EFTA lúta sömu starfsreglum og gerð samþykkrá ákvarðana um sambærileg mál sem varða aðildarríki ESB, þ.m.t. lögbær yfirvöld þeirra og þátttakendur á fjármálamarkaði.

d) Stofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA skulu, nema kveðið sé á um annað í samningi þessum, hafa samstarf sín í milli, skiptast á upplýsingum og ráðgast hvor við aðra að því er varðar þessa reglugerð, einkum áður en þær grípa til hvers kyns aðgerða.

⁷⁹⁷ Liðnum og aðlögunartextanum var bætt við með ákvörðun nr. 201/2016 (Stjttíð. ESB L 46, 23.2.2017, bls. 22 og EES-viðbætur nr. 13, 23.2.2017, bls. 26), gildistaka 1.10.2016.

⁷⁹⁸ Undirlíðnum og orðunum „eins og henni var breytt með:“ hér að framan var bætt við með ákvörðun nr. 202/2016 (Stjttíð. ESB L 46, 23.2.2017, bls. 30 og EES-viðbætur nr. 13, 23.2.2017, bls. 36), gildistaka 1.10.2016.

⁷⁹⁹ Undirlíðnum var bætt við með ákvörðun nr. 247/2018 (Stjttíð. ESB L 337, 23.9.2021, bls. 39 og EES-viðbætur nr. 62, 23.9.2021, bls. 38), gildistaka 1.8.2019.

Komi til ágreinings milli stofnunarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA að því er varðar framkvæmd ákvæða reglugerðarinnar skulu formaður stofnunarinnar og stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA, að teknu tilliti til þess hversu málið er brýnt, boða til fundar án ótilhlýðilegrar tafar til þess að leita eftir samstöðu. Náist ekki samstaða, getur formaður stofnunarinnar eða stjórn Eftirlitsstofnunar EFTA farið þess á leit við samningsaðila að þeir vísi málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar sem skal fjalla um það í samræmi við 111. gr. þessa samnings, sem skal gilda að breyttu breytanda. Samningsaðili getur, í samræmi við 2. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1/94 frá 8. febrúar 1994 um starfsreglur sameiginlegu EES-nefndarinnar (Stjtíð. EB L 85, 30.3.1994, bls. 60), farið fram á að fundur verði kallaður saman án tafar þegar mikið liggur við. Þrátt fyrir ákvæði þessarar málsgreinar, getur samningsaðili hvenær sem er vísað málinu til sameiginlegu EES-nefndarinnar að eigin frumkvæði, í samræmi við 5. og 111. gr. þessa samnings.

e) Vísanir í aðrar gerðir í reglugerðinni skulu gilda að svo miklu leyti og í þeirri mynd sem slíkar gerðir hafa verið felldar inn í samning þennan.

f) Að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar 4. mgr. 1. gr. sem hér segir:

„Ákvæði þessarar reglugerðar eru með fyrirvara um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA, einkum skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, til að tryggja að farið sé að EES-samningnum eða fyrrnefndum samningi.“

g) Í 5. mgr. 9. gr.:

i) koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „Stofnunin“ í fyrstu undirgrein, að því er varðar EFTA-ríkin,

ii) í stað annarrar og þriðju undirgreinar kemur eftirfarandi, að því er varðar EFTA-ríkin:

„Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsstofnun EFTA skal endurskoða ákvörðunina, sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinum, með viðeigandi millibili og ekki sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Ef ákvörðunin er ekki endurnýjuð að þriggja mánaða tímabili loknu skal hún falla úr gildi sjálfkrafa.

Eftirlitsstofnun EFTA skal, svo fljótt sem auðið er eftir að ákvörðunin sem um getur í fyrstu tveimur undirgreinum hefur verið samþykkt, tilkynna stofnuninni um hvenær hún fellur úr gildi. Stofnunin skal leggja niðurstöður sínar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ásamt drögum ef þess er þörf, tímanlega áður en þriggja mánaða tímabilið, sem um getur í þriðju undirgrein, rennur út. Eftirlitsstofnun EFTA getur tilkynnt stofnuninni um hvers kyns framvindu sem hún telur skipta máli fyrir endurskoðunina.

EFTA-ríki getur óskað eftir að Eftirlitsstofnun EFTA taki ákvörðun sína til endurskoðunar. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda þá beiðni til stofnunarinnar. Í því tilviki skal stofnunin, í samræmi við verklagið sem kemur fram í annarri undirgrein 1. mgr. 44. gr., íhuga að semja ný drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.

Ef stofnunin breytir eða afturkallar ákvörðun sem er hliðstæð ákvörðun sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur samþykkt, skal stofnunin, án ótilhlýðilegrar tafar, semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.“

h) Í 4. mgr. 16. gr. er orðunum „fastanefnd EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnina“.

i) Í 17. gr.:

i) koma orðin „EES-samningurinn“ í stað orðanna „lög Sambandsins“,

ii) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „Stofnunin“ í 1. mgr.,

iii) er orðunum „fastanefndar EFTA-ríkjanna, Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnarinnar“ í 2. mgr.,

iv) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 2. mgr.:

„Ef stofnunin rannsakar meint brot á EES-samningnum eða vanrækslu á beitingu hans að því er varðar lögbært yfirvald EFTA-ríkis, skal hún tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA umeðli og tilgang rannsóknarinnar og veita henni reglulega eftir það uppfærðar upplýsingar sem eru Eftirlitsstofnun EFTA nauðsynlegar til þess að hún geti sinnt verkefnum sínum á viðeigandi hátt skv. 4. og 6. mgr.“,

- v) að því er varðar EFTA-ríkin mun önnur undirgrein 3. mgr. hljóða sem hér segir:

„Lögbæra yfirvaldið skal, innan tíu virkra daga frá móttöku tilmællanna, tilkynna stofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA til hvaða aðgerða það hefur gripið, eða ætli að grípa, til að tryggja að farið sé að EES-samningnum.“,

- vi) að því er varðar EFTA-ríkin munu 4. og 5. mgr. hljóða sem hér segir:

„4. Eftirlitsstofnun EFTA getur gefið út formlegt álit ef lögbæra yfirvaldið hefur ekki farið að EES-samningnum innan eins mánaðar frá móttöku tilmæla stofnunarinnar, þar sem þess er krafist að lögbæra yfirvaldið grípi til nauðsynlegra aðgerða til að fara að EES-samningnum. Í formlegu álit Eftirlitsstofnunar EFTA skal tekið tillit til tilmæla stofnunarinnar.

Eftirlitsstofnun EFTA skal birta slíkt formlegt álit eigi síðar en þremur mánuðum eftir að tilmælin voru samþykkt. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framlengja þetta tímabil um einn mánuð.

Formleg álit Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykkt á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.

Lögbær yfirvöld skulu veita stofnuninni og Eftirlitsstofnun EFTA allar nauðsynlegar upplýsingar.

5. Lögbæra yfirvaldið skal upplýsa stofnunina og Eftirlitsstofnun EFTA, innan tíu virkra daga frá móttöku formlega álitsins, sem um getur í 4. mgr., til hvaða aðgerða það hafi gripið eða ætli að grípa, til að tryggja að því formlega álit verði hlítt.“,

- vii) að því er varðar EFTA-ríkin munu orðin „með fyrirvara um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ koma í stað orðanna „með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ og orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ koma í stað orðsins „stofnunin“ í fyrstu undirgrein 6. mgr.,

- viii) að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar önnur undirgrein 6. mgr. sem hér segir:

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“,

- ix) að því er varðar EFTA-ríkin hljóðar 8. mgr. sem hér segir:

„8. Eftirlitsstofnun EFTA skal birta árlega upplýsingar um þau lögbæru yfirvöld og þátttakendur á fjármálamarkaði í EFTA-ríkjunum sem hafa ekki farið að þeim formlegu álitum eða ákvörðunum sem um getur í 4. og 6. mgr.“.

- j) Í 18. gr.:

- i) að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðsins „stofnunin“, í 3. og 4. mgr.,

- ii) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 3. og 4. mgr.:

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- iii) að því er varðar EFTA-ríkin koma orðin „með fyrirvara um valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ í stað orðanna „með fyrirvara um valdsvið framkvæmdastjórnarinnar skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ í 4. mgr.

k) Í 19. gr.:

- i) er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við á eftir orðinu „stofnunin“ í 1. mgr.,
- ii) er orðunum „í aðildarríkjum ESB“ bætt við á eftir orðunum „með bindandi hætti fyrir hlutaðeigandi lögbær yfirvöld“ í 3. mgr.,
- iii) er eftirfarandi undirgreinum bætt við í 3. mgr.:

„Ef eingöngu er um lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna að ræða og ef slíkum yfirvöldum tekst ekki að komast að samkomulagi innan tímamarka þeirrar sáttameðferðar, sem um getur í 2. mgr., getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun þar sem gerð er krafa um að þau grípi til sérstakra aðgerða, eða láti hjá líða að grípa til aðgerða, til að jafna ágreininginn, með bindandi hætti fyrir hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, í því skyni að tryggja að farið sé að EES-samningnum.

„Ef um lögbær yfirvöld eins eða fleiri aðildarríkja ESB og eins eða fleiri EFTA-ríkja er að ræða og ef slík yfirvöld ná ekki samkomulagi innan tímamarka þeirrar sáttameðferðar, sem um getur í 2. mgr., geta stofnunin og Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun þar sem gerð er krafa um að lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja ESB annars vegar og hlutaðeigandi EFTA-ríkja hins vegar grípi til sérstakra aðgerða, eða láti hjá líða að grípa til aðgerða, til að jafna ágreininginn, með bindandi hætti fyrir hlutaðeigandi lögbær yfirvöld, í því skyni að tryggja að farið sé að EES-samningnum.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- iv) orðin „með fyrirvara um valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA skv. 31. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls“ koma í stað orðanna „með fyrirvara um valdheimildir framkvæmdastjórnarinnar skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins“ og orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ koma í stað orðsins „Stofnunin“ í 4. mgr., að því er varðar EFTA-ríkin, og orðin „EES-samningurinn“ í staðinn fyrir „lög Sambandsins“.
- v) eftirfarandi undirgrein er bætt við í 4. mgr.:

„Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, samþykktar á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

l) Eftirfarandi undirgreinum er bætt við í 20. gr.:

„Ef eingöngu er um að ræða lögbær yfirvöld EFTA-ríkjanna, getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr.

Ef um lögbær yfirvöld eins eða fleiri aðildarríkja ESB og eins eða fleiri EFTA-ríkja er að ræða, geta stofnunin annars vegar og Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar tekið ákvörðun í samræmi við 3. og 4. mgr. 19. gr.

Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA skulu, án ótilhlýðilegrar tafar, teknar á grundvelli draga sem stofnunin, evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaftirlitsstofnunin) og/eða evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), eftir því sem við á, hafa gert að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA. Stofnunin, evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska bankaftirlitsstofnunin) og evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) skulu, eftir því sem við á, komast að sameiginlegri afstöðu, í samræmi við 56. gr., og skulu samþykkja ákvarðanirnar og/eða drögin samhliða.“

- m) Orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ er bætt við á eftir orðinu „Stofnunin“ í 4. mgr. 21. gr.
- n) Orðunum „Eftirlitsstofnunar EFTA eða fastanefndar EFTA-ríkjanna“ er bætt við á eftir orðunum „Evrópuþingsins, ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar“ í 4. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 34. gr.
- o) Orðin „til seðlabanka aðildarríkisins“ í 5. mgr. 35. gr. taka ekki til Liechtenstein.
- p) Í 38. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:
- i) koma orðin „Eftirlitsstofnun EFTA“ í stað orðanna „stofnunin“, „stofnuninni og framkvæmdastjórninni“, „stofnuninni, framkvæmdastjórninni“ og „framkvæmdastjórnina og stofnunina“,
 - ii) koma orðin „fastanefnd EFTA-ríkjanna“ í stað orðsins „ráðið“,
 - iii) er eftirfarandi undirgrein bætt við á eftir fjórðu undirgrein 2. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótillhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu hlutadeigandi EFTA-ríkis til stofnunarinnar og framkvæmdastjórnarinnar. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að standa við ákvörðun, breyta henni eða afturkalla skal tekin á grundvelli draga sem stofnunin hefur gert að eigin frumkvæði eða að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“,
 - iv) er eftirfarandi undirgrein bætt við á eftir þriðju undirgrein 3. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótillhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu EFTA-ríkisins til stofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins.“,
 - v) er eftirfarandi undirgrein bætt við á eftir fyrstu undirgrein 4. mgr.:

„Eftirlitsstofnun EFTA skal, án ótillhlýðilegrar tafar, framsenda tilkynningu EFTA-ríkisins til stofnunarinnar, framkvæmdastjórnarinnar og ráðsins.“,
 - vi) er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„6. Ef ákvörðun í máli sem fellur undir 3. mgr. 19. gr., með hliðsjón af 20. gr., eftir því sem við á, og varðar ágreining sem einnig tekur til lögbærra yfirvalda eins eða fleiri EFTA-ríkja, er frestað eða felld úr gildi samkvæmt þessari grein, skal einnig fresta eða fella úr gildi allar samhliða ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA í viðkomandi máli.
Eftir stofnunin breytir ákvörðun sinni eða afturkallar hana, í slíkum tilvikum, skal stofnunin, án ótillhlýðilegrar tafar, semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA.“.
- q) Í 39. gr.:
- i) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 1. mgr.:

„Þegar stofnunin semur drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við þessa reglugerð skal hún tilkynna það Eftirlitsstofnun EFTA og, með fullu tilliti til þess hversu málið er brýnt og flókið og hvaða afleiðingar það kann að hafa, setja tímamörk sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur til að gera einstaklingum eða lögaðilum, þ.m.t. lögbæru yfirvaldi sem er viðtakandi ákvörðunarinnar sem verður tekin, kleift að gefa álit sitt á málinu.“,
 - ii) er eftirfarandi undirgreinum bætt við í 4. mgr.:

„Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið ákvörðun skv. 3. eða 4. mgr. 18. gr. skal hún endurskoða þá ákvörðun með viðeigandi millibili. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna stofnuninni um væntanlegar endurskoðanir, svo og um alla framvindu sem skiptir máli fyrir endurskoðunina.“

Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að breyta eða afturkalla ákvörðun skal tekin á grundvelli draga sem stofnunin hefur samið. Stofnunin skal, tímanlega fyrir áformaða endurskoðun, leggja niðurstöðurnar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA, ásamt drögum, gerist þess þörf.“

- iii) að því er varðar EFTA-ríkin er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á,“ bætt við við á eftir orðinu „stofnunin“ í 5. mgr.
- r) Í 1. mgr. 40. gr.:
- i) er eftirfarandi bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“ í b-lið:
- „og forstöðumanni opinbers landsyfirvalds, sem er lögbær eftirlitsaðili með þátttakendum á fjármálamarkaði í hverju EFTA-ríki, án atkvæðisréttar“,
- ii) er orðunum „og Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „eftirlitsstofnunum“ í e-lið.
- s) Í 43. gr.
- i) er orðunum „semja drög fyrir Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „ákvörðanir“ í 2. mgr.,
- ii) er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA, fastanefnd EFTA-ríkjanna“ bætt við á eftir orðinu „ráðinu“ í 4. og 6. mgr.
- t) Í 44. gr.:
- i) er eftirfarandi undirgrein bætt við í 1. mgr.:
